

## 11. stjórnarfundur Alnæmisbarna 5. janúar 2005

Haldinn í húsnæði Samorku við Suðurlandsbraut, Rvík.

Mætt: María J. Gunnarsdóttir, Helga Tulinius, Þórunn Sveinbjarnardóttir, auk Gests Gíslasonar og Hildar Gestsdóttur.

Fjarverandi: Bjarni Reyr Kristjánsson..

Bókað: Erla Halldórsdóttir, stofnandi Candle Light Foundation og gjaldkeri Alnæmisbarna, féll frá 24. desember 2004.

Efni og ákvarðanir fundarins:

- ÞSv geri uppkasta að bréfi stjórnar vegna prókúruskipta á bankareikningi.
- Ársskýrsla Candle Light Foundation til skrifstofu ÞSSÍ í Kampala er tilbúin og Rosette Nabuuma afhendir Ágústu Gísladóttur hana.
- Líkur til þess að HG geti fylgt MJG í ferð til Kampala í febrúar til þess að kynna sér stöðuna hjá CLF, útrétta og aðstoða eftir föngum.
- Enn eru 2-3 styrktarfélagar sem borgar beint inn á reikning EH (Hildur, Gulli + ?).
- Ákveðið að skipa í svokallaðan kertahóp til þess, m.a. að safna vaxi og kynna sér kertagerð. HG leiðir hann og fær með sér Halldóru Karlsdóttur og Rögnu Karlsdóttur.
- Rætt að ágóðinn af sölu kerta (hér heima) renni í sérstakan ferðasjóð sem þarf að stofna.
- GG er reiðubúinn til þess að vera tengiliður við CLF og Rosette á meðan þörf krefur. Þurfum að skipa nýja manneskju í stjórn CLF í stað Erlu. Eitt af því sem þarf að leysa í Kampalaferðinni (væntanlega í febrúar).
- Þá þarf einnig að treysta sambönd við Ministry of Gender í Úganda og tryggja liðveislu ráðamanna hér heima í því efni.
- ÞSv falið að ræða við Ágústu Gísladóttur um aðstoð við stjórnarkonur í væntanlegri ferð til Kampala.
- NGO-statis CLF veitir aðgang að ákveðnum tollafríðindum. Þarf að komast til botns í því vegna innflutnings á vaxi.
- Rætt hvernig kynna megi félgíð betur, t.d. fyrir nemum í mannfræði og þróunarfræðum við HÍ. Væri jafnvel hægt að bjóða stúdentum að stunda rannsóknir í skjóli CLF í framtíðinni.

- Gestur áréttaði að Erla hefði alla tíð verið virkur tengiliður stúlkanna í CLF útí samfélagið í Úganda, t.d. hjálpað þeim við að finna störf o.þ.h. Mjög mikilvægur þáttur í starfi CLF sem ekki má gleymast.
- Ákveðið að halda félagsfund til minningar um Erlu Halldórsdóttur miðvikudagskvöldið 19. janúar nk. og fá til afnota fundarsal RKÍ í Efstaleiti. Þar þarf að kynna og ræða stöðu félagsins, starf og stofnun starfshópa (sbr. kertahópin). Virkja félagi til þess að halda áfram söfnun styrktarféлага. Kynna væntanlega ferð MJG og HG til Kampala.

Ekki fleira rætt. Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði miðvikudaginn 12. janúar 2005 á svokölluðum Eikabar. ÞSv ritaði fundargerð.